

# Skipsflök á landi í nágrenni Stykkishólms

*Unnið fyrir Umhverfisstofnun*



*Stálbáturinn Örn í Háey við mynni Hvammsfjarðar. Gvendareyjar í bakgrunni  
(ljósm. Róbert A. Stefánsson, 8. febrúar 2006)*

**Róbert Arnar Stefánsson**  
*Febrúar 2006*



## **Inngangur**

Þessi stutta greinargerð var unnin að beiðni Helga Jenssonar, forstöðumanns framkvæmda- og eftirlistssviðs Umhverfisstofnunar, en höfundur átti símtal við hann þess efnis, þriðjudaginn 7. febrúar. Hann bað um að teknar yrðu myndir af eins mörgum skipsflökum í nágrenni Stykkishólms og hægt væri á þeim stutta tíma sem til stefnu væri en skila þyrfti skýrslu eigi síðar en 9. febrúar. Auk þess bað hann um stutta lýsingu á ástandi flakanna og gróft mat á því hversu mikið mál væri að fjarlægja þau.

## **Framkvæmd**

Til grundvallar var tafla með samantekt Konráðs Ragnarssonar um óreiðuskip í Stykkishólmi og nágrenni, sem hafnarstjóri Stykkishólmshafnar, Erla Friðriksdóttir, sendi með bréfi til Breiðafjarðarnefndar nýverið. Viðbótarupplýsinga var aflað hjá Ásgeiri Gunnari Jónssyni, Agnari Jónassyni, Bersveini Gestssyni, Jakobi Jónssyni og Þórarni Sighvatssyni í Stykkishólmi.

Vettvangsferð var farin í björtu og fallegu vetrarveðri, miðvikudaginn 8. febrúar 2006. Teknar voru myndir af þeim flökum sem hægt var að komast að frá landi við strandlengjuna frá Háey við Straum á Skógarströnd í austri að Kóngsbakka í Helgafellssveit í vestri en ekki gafst tími til að aka að skipsflaki austar á Skógarströnd og sigla að skipsflökum í eyjum. Það hefði verið hægt ef meiri tími hefði gefist til verkefnisins. Rétt er að taka fram að þótt reynt sé að meta möguleika þess að fjarlægja skipsflökin í eftirfarandi umfjöllun, þá hefur höfundur enga sérstaka þekkingu á slíkum framkvæmdum og að í hverju tilfelli þarf að leita álits sérfræðinga áður en ákvarðanir um framkvæmdir verða teknar.


## **Skipsflök**

Í töflu Konráðs Ragnarssonar eru 15 skip og bátar sem legið hafa í fjörum í 18-44 ár. Því til viðbótar fengust upplýsingar frá Ásgeiri Gunnari Jónssyni um eitt skipsflak í Öxney og annað í Flatey (1. tafla).

1. tafla. Skipsflök/óreiðubátar sem liggja við land í nágrenni Stykkishólms.

Bátur	Stærð í brl.	Staðsetning	Sveitarfélag	Gerður úr	Legið í (ár)
Arnfinnur	55	Ögur	Stykkishólmur	Tré	38
Baldur	80	Sellón	Stykkishólmur	Tré	42
Gísli Gunnars	15	Krummhóll	Stykkishólmur	Tré	20
Hrauney	80	Krummhóll	Stykkishólmur	Tré	25
Guðrún María	50	Krummhóll	Stykkishólmur	Tré	42
Þorgeir	100	Landey	Stykkishólmur	Stál	44*
Tjaldur	20	Stakksey	Stykkishólmur	Tré	40
Vísir	25	Kóngsbakki	Helgafellssveit	Tré	28
Björgvin	70	Þingvellir	Helgafellssveit	Tré	39
Víkingur	38	Hrappsey	Dalabyggð	Tré	35
Guðrún	22	Öxney	Dalabyggð	Tré	~23
Bárður Snæf.	50	Rifgirðingar	Dalabyggð	Tré	40
Gyllir	40	Rifgirðingar	Dalabyggð	Tré	40
?	20	Rifgirðingar	Dalabyggð	Tré	40
Örn	90	Háey, Skógarströnd	Dalabyggð	Stál	18
Svanur	55	Bíldhóll, Skógarströnd	Dalabyggð	Tré	38
Gísli Magnússon	80	Flatey	Reykholahreppur	Tré	

1. mynd. Kort af svæðinu, þar sem rauðir hringir tákna staðsetningu skipsflakanna. Númer eru þau sömu og í umfjölluninni hér á eftir.



Hér á eftir fylgir stutt umfjöllun um hvert skipsflak:

### ***1. Arnfinnur***

*Stærð í brúttólestum: 55.*

*Efni: Tré.*

*Staðsetning: Við bæinn Ögur v/Stykkish.*

*Legið hversu lengi? 38 ár.*

*Eigandi: Sigurður Ágústsson ehf.(?)*

*Ástand: Eingöngu skrokkur eftir. Hægri hlið heilleg en sú vinstri ónýt. Kemst aldrei á flot.*

*Hversu erfitt að fjarlægja? Báturinn er neðan fjárhúsa í Ögri. Hægt væri að koma vinnuvélum alveg að bátnum, svo ekki ætti að vera mjög erfitt að fjarlægja hann ef hann er hlutaður sundur.*

*Lýti: Er nokkuð lýti við bæinn en sést hvergi annars staðar frá vegi.*

*Athugasemdir: Nánari upplýsingar hjá Lárusi F. Hallfreðssyni, Ögri.*

*Ljósmyndir: Róbert A. Stefánsson, 8. febrúar 2006.*



## 2. Baldur

*Stærð í brúttólestum:* 80.

*Efni:* Tré.

*Staðsetning:* Landmegin í eyjunni Sellóni suðvestan Stykkishólms.

*Legið hversu lengi?* 42 ár.

*Eigandi:*

*Ástand:* Skrokkur nokkuð heillegur fyrir utan stórt skarð í annari hliðinni.

*Hversu erfitt að fjarlægja?* Auðvelt að komast að flakinu og líklega er ekki

stórkostlegt vandamál að fjarlægja það.

*Athugasemdir:* Fyrrum flóabátur.

*Lýti:* Er nokkuð áberandi í landslaginu séð frá ströndinni, t.d. frá gámostöðinni og flugvellinginum.

*Athugasemdir:* Nánari upplýsingar hjá Lárusi F. Hallfreðssyni, Ögri.

*Ljósmynd:* Róbert A. Stefánsson, 8. febrúar 2006.



## 3. Gísli Gunnars, Hrauney og Guðrún María

*Stærð í brúttólestum:* 15, 80, 50.

*Efni:* Tré.

*Staðsetning:* Krummhóll / Fúlavík í Stykkishólmi.

*Legið hversu lengi?* 20, 25 og 42 ár.

*Eigandi:* Ásgeir Árnason o.fl.

*Ástand:* Lítið eftir af þeim nema kjölur og málmhlutar þar sem tveir virðast hafa verið brenndir í fjöruborðinu og sá þriðji urðaður (hluti af hlið skrokksins sjáanleg). Á fyrri myndinni sjást leifar

tveggja báta en leifar þess þriðja eru á seinni myndinni.

*Hversu erfitt að fjarlægja?* Virðist tiltölulega einfalt með gröfu og krana þar sem frekar lítið er eftir af þeim.

*Lýti:* Sjást greinilega frá göngustíg neðan hesthúsa en annars ekki áberandi.

*Athugasemdir:* Fyrir þann sem ekki veit, þá er erfitt að greina hvaða flak er hvað.

*Ljósmyndir:* Róbert A. Stefánsson, 8. febrúar 2006.



#### 4. Þorgeir

*Stærð í brúttólestum:* 100

*Efni:* Stál

*Staðsetning:* SA-strönd Landeyjar við Stykkishólms.

*Legið hversu lengi?* Líklega afskráður fyrir 44 árum en slitnaði upp og strandaði fyrir u.þ.b. 25 árum.

*Eigandi:* Stykkishólmshreppur, nú Stykkishólmsbær. Leifar af gömlu bæjarútgerðinni.

*Ástand:* Töluvert ryðgaður en tiltölulega heillegur.

*Hversu erfitt að fjarlægja?* Töluverð aðgerð. Þyrfti að bæta í göt og dæla úr honum. Síðan fleyta honum yfir í skipasmíðastöð Skipavíkur, hinum

megin við sunnið, ca. 200m, þar sem hann væri tekinn á land.

*Lýti:* Annað tveggja mest áberandi skipsflaka í nágrenni Stykkishólms (hitt er Örn), ef miðað er við fjölda fólks sem sér flakið. Mikið lýti á þessum hluta bæjarins og yrðu flestir bæjarbúar því fegnir að losna við Þorgeir.

*Athugasemdir:* Fyrirtækið Skipavík gerði Stykkishólmsbæ tilboð í skipið upp á 1 milljón króna fyrir nokkrum árum en því var hafnað. Verður það að teljast mjög lágt tilboð miðað við væntanlegan kostnað við að fjarlægja skipið.

*Ljósmynd:* Róbert A. Stefánsson, 8. febrúar 2006.



#### 5. Tjaldur

*Stærð í brúttólestum:* 20

*Efni:* Tré

*Staðsetning:* Í Stakksey, skammt vestan innsiglingar í Stykkishólmshöfn.

*Legið hversu lengi?* 40 ár.

*Eigandi:*

*Ástand:* Var ekki kannað. Skv. heimildum sjómanns (Hrannar

Pétursson) er flakið að grotna niður í vík við eyjuna.

*Hversu erfitt að fjarlægja?* Ekki metið hér.

*Lýti:* Er ekki vel sýnilegt þegar siglt er inn í Stykkishólmshöfn og því lítið lýti.

*Athugasemdir:* Ekki farið á staðinn.

## 6. Vísir

*Stærð í brúttólestum:* 25

*Efni:* Tré

*Staðsetning:* Kóngsbakki í Helgafellssveit.

*Legið hversu lengi?* 28 ár.

*Eigandi:*

*Ástand:* Líklega horfinn.

*Hversu erfitt að fjarlægja?* Ekki þörf á því.

*Athugasemdir:* Flakið var ekki sýnilegt frá vegi eða bænum Kóngsbakka. Agnar Jónasson, einn af eigendum jarðarinnar, tjáði höfundi að hann kannaðist ekki við að skipsflak væri á jörðinni og að hann myndi eftir því ef svo væri. Nánari upplýsingar má fá hjá honum, Jónasi Þorsteinssyni eða Þorsteini Jónassyni.

## 7. Björgvin

*Stærð í brúttólestum:* 70

*Efni:* Tré

*Staðsetning:* Við bæinn Þingvelli í Helgafellssveit.

*Legið hversu lengi?* 39 ár.

*Eigandi:*

*Ástand:* Mjög heillegur skrokkur með húsi. Skrokkurinn hefur þó skekkst töluvert af því að liggja þarna í fjöruborðinu.

*Hversu erfitt að fjarlægja?* Virðist ekki mikið mál að draga hann á flot.

*Lýti:* Er áberandi þegar gengið er út á tangana við Þingvelli. Hann liggur í næsta nágrenni við fornan þingstað.

*Athugasemdir:* Var keyptur til úreldingar af manni í Stykkishólmi. Eigandi Þingvalla tók við bátnum eftir að flest nýtilegt hafði verið hirt úr honum og ætlaði hann til niðurrifs. Honum entist ekki aldur til þess. Eftirlifandi kona hans vill gjarnan aðstoð við að koma bátnum í burtu.

*Ljósmyndir:* Róbert A. Stefánsson, 8. febrúar 2006.





## 8. Víkingur

*Stærð í brúttólestum:* 38

*Efni:* Tré

*Staðsetning:* Hrapppsey.

*Legið hversu lengi?* 35 ár.

*Eigandi:*

*Ástand:* Liggur á hlið við gömlu lendinguna fyrir neðan háan bakka. Botn er orðinn fremur lélegur en báturinn er þó nokkuð heillegur í það heila.

*Hversu erfitt að fjarlægja? Líklega vel mögulegt að lyfta honum og koma honum burt.*

*Lýti:* Nokkuð lýti á landslagi en er þó þannig staðsettur að hann er ekki áberandi fyrr en komið er inn á voginn við innsiglinguna í Hrapppsey.

*Athugasemdir:* Höfundur fór ekki á staðinn. Upplýsingarnar eru úr skrá Konráðs Ragnarssonar og frá Bergsveini Gestssyni, Stykkishólmi.

## 9. Örn

*Stærð í brúttólestum:* 90

*Efni:* Stál

*Staðsetning:* Sunnan í Háey í landi Straums á Skógarströnd.

*Legið hversu lengi?* 18 ár.

*Eigandi:* Rækjunes, Stykkishólmi.

*Ástand:* Ryðgaður en nokkuð heillegur að sjá.

*Hversu erfitt að fjarlægja?* Fer eftir skemmdum á skrokk. Sumir telja að skrokkur sé enn nokkuð heill. Ef svo er, má vera að tiltölulega einfalt sé að draga hann á flot á stórum straumi.

*Athugasemdir:* Var úreltur og siglt inn í Háey til að grotna þar.

*Lýti:* Verulegur akkur væri í því að fjarlægja þetta skip þar sem það er mjög áberandi lýti séð frá útsýnisstöðum ofan Straums, þar sem við blasir annars gríðarlega fallegt útsýni yfir eyjarnar. Af óreiðuskipum er Örn mesta lýtið í landslagi við Breiðafjörð, sýnu verra en Þorgeir við Skipavík í Stykkishólmi, sem kemur honum næstur.

*Ljósmynd:* Róbert A. Stefánsson, 8. febrúar 2006.



## **10. Guðrún**

*Stærð í brúttólestum:* 22

*Efni:* Tré

*Staðsetning:* Við SA-strönd Öxneyjar í vogi við sundið milli Öxneyjar og Brokeyjar.

*Legið hversu lengi?* ~23 ár.

*Eigandi:* Steindór Sighvatsson

*Ástand:* Ónýtur. Rak með ís inn í vog um 1994 og sökk þar. Er á kafi en kemur að hluta upp á stórstraumsfjöru. Er ekki á siglingaleið og truflar engan, skv. upplýsingum frá Þórnari Sighvatssyni (9. febrúar 2006).

*Hversu erfitt að fjarlægja?* Mjög erfitt eða ómögulegt.

*Athugasemdir:* Nánari upplýsingar hjá Þórnari Sighvatssyni.

*Lýti:* Ekki mikið þar sem flakið er oftast neðan sjávarmáls.

*Ljósmynd:* Sjá ljósmynd eftir Jón Karl Snorrason, bls. 93 í Árni Björnsson 1989. Eyjar í Snæfellsnes- og Dalasýslum. Árbók Ferðafélags Íslands (Breiðafjarðareyjar).

## **11. Bárður Snæfellsás**

*Stærð í brúttólestum:* 50

*Efni:* Tré

*Staðsetning:* Rifgirðingar við mynni Hvammsfjarðar.

*Legið hversu lengi?* 40 ár.

*Eigandi:* Hraðfrystihús Ólafsvíkur.

*Ástand:* Horfinn skv. upplýsingum Jakobs Jónssonar, Stykkishólmi (9. feb. 2006). Var að mestu rifinn til eldiviðar.

*Ljósmynd:* Sjá ljósmynd eftir Jón Karl Snorrason, bls. 172 í Guðmundur Páll Ólafsson 1990. Perlur í náttúru Íslands. Mál og Menning, Reykjavík.

### **11. Gyllir**

*Stærð í brúttólestum:* 40

*Efni:* Tré

*Staðsetning:* Rifgirðingar við mynni Hvammsfjarðar.

*Legið hversu lengi?* 40 ár.

*Eigandi:* Kristján Jakobsson

*Ástand:* Gjörónýtur. Verður nýttur til eldiviðar skv. upplýsingum frá Jakobi Jónssyni, Stykkishólmi (9. feb. 2006).

*Hversu erfitt að fjarlægja?* Mögulegt að búta niður og fjarlægja.

*Lýti:* Fremur fáfarin leið.

*Ljósmynd:* Sjá ljósmynd eftir Jón Karl Snorrason, bls. 172 í Guðmundur Páll Ólafsson 1990. Perlur í náttúru Íslands. Mál og Menning, Reykjavík. Gyllir er líklega lengst til vinstri á myndinni.

### **11. ?**

*Stærð í brúttólestum:* 20

*Efni:* Tré

*Staðsetning:* Rifgirðingar við mynni Hvammsfjarðar.

*Legið hversu lengi?* 40 ár.

*Eigandi:*

*Ástand:* Horfinn skv. upplýsingum Jakobs Jónssonar, Stykkishólmi (9. feb. 2006). Var að mestu rifinn til eldiviðar.

*Ljósmynd:* Sjá ljósmynd eftir Jón Karl Snorrason, bls. 172 í Guðmundur Páll Ólafsson 1990. Perlur í náttúru Íslands. Mál og Menning, Reykjavík.

### **12. Svanur**

*Stærð í brúttólestum:* 55

*Efni:* Tré

*Staðsetning:* Stendur í fjörunni við Bíldhól á Skógarströnd.

*Legið hversu lengi?* 38 ár.

*Eigandi:* Sigurður Ágústsson ehf.(?)

*Ástand:* Var ekki kannað en skrokkur virðist heillegur úr fjarlægð.

*Hversu erfitt að fjarlægja?* Líklega er hægt að koma vinnuvélum að bátnum og

er þá sennilega tiltölulega lítið mál að fjarlægja hann.

*Athugasemdir:* Mjög áberandi á nokkuð löngum kafla þegar ekið er um Skógarströnd. Vegna tímaskorts var ekki farið að bátnum í þetta sinn.

*Lýti:* Töluvert lýti þar sem báturinn er áberandi í landslagi.

### **13. Gísli Magnússon**

*Stærð í brúttólestum:* 80

*Efni:* Tré

*Staðsetning:* Við sunnanverða Flatey (er ekki á kortinu hér að framan).

## Lokaorð

Hér hefur verið leitast við að gefa yfirlit um skipsflök eða óreiðubáta í nágrenni Stykkishólms. Líklega er listinn ekki tæmandi en þó eru þarna örugglega nefnd þau skipsflök sem mest eru áberandi í landslagi við sunnanverðan Breiðafjörð. Aðeins eitt skipsflak við norðanverðan fjörðinn er nefnt en væntanlega eru þau fleiri. Vegna verulega takmarkaðs tímaramma gafst ekki tími til að ná ljósmyndum af öllum skipsflökunum en það hefði verið vel framkvæmanlegt ef tími hefði gefist til.

Nokkrir af eldri íbúum Stykkishólms eru fróðir um sögu óreiðubátanna en henni hefur lítill gaumur verið gefinn hér.

## Þakkir

Konráð Ragnarsson tók saman lista yfir óreiðubáta í Stykkishólmi og nágrenni, Ásgeir Gunnar Jónsson gaf frekari upplýsingar um þá báta og fleiri. Agnar Jónasson veitti upplýsingar um báta við Kóngsbakka, Þórarinn Sighvatsson um Guðrúnu við Öxney, Jakob Jónsson um báta við Rifgirðingar og Bergsveinn Gestsson um Víking við Hrappsey. Er öllum þessum mönnum færðar bestu þakkir fyrir aðstoðina.